

Akureyrarbær (kt. 410169-6229) og Ungmennafélag Akureyar (kt. 520692-2589), hér eftir nefnt UFA, gera með sér eftirfarandi styrktarsamning vegna

Árlegra frjálsíþróttaviðburða á Akureyri

I. Markmið

1. gr.

Markmið Akureyrarbæjar með samningi þessum er að styðja við umgjörð og framkvæmd UFA á árlegum frjálsíþróttaviðburðum á Akureyri með það að markmiði að efla og auka þátttöku grunnskólabarna og almennings í frjálsum íþróttum.

II. Þjónustuframlag UFA

2. gr

Hlutverk UFA skv. samningi þessum er að standa fyrir eftirfarandi árlegum frjálsíþróttaviðburðum:

- a) 1. maí hlaup UFA árin 2021 og 2022
- b) Grunnskólamót UFA í frjálsum íþróttum árin 2020-2022
- c) Akureyrarhlaupið árin 2020-2022

Nánari skilgreining á þessum viðburðum og framkvæmd er í fylgiskjali 1.

3. gr.

UFA er eigandi þessara viðburða og sér um alla framkvæmd þeim tengdum og ber ábyrgð á þeim. UFA er heimilt að:

- a. móta hlaupaleiðir, vegalengdir og keppnisgreinar
- b. afla sér tekna af viðburðunum
- c. bjóða þjónustu við þátttakendur eftir því sem þeir telja best.

4. gr.

UFA sér um kynningar og auglýsingar á þessum viðburðum. Þess skal getið í auglýsingum og kynningarefni að Akureyrarbær og Heilsueflandi samfélag styrki ofantalda íþróttaviðburði.

III. Framlög og greiðslur

5. gr.

Framlag Akureyrarbæjar til UFA er í formi eingreiðslu annars vegar og þjónustu hinsvegar. Eingreiðslur á samningstímanum eru eftirfarandi:

- a) Byrjun júlí 2020 kr. 300.000.-
- b) Byrjun maí 2021 kr. 500.000.-
- c) Byrjun maí 2022 kr. 500.000.-

Falli viðburður niður, falla greiðslur Akureyrarbæjar einnig niður og skal UFA þá endurgreiða framlag Akureyrarbæjar.



Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.

6. gr.

Þjónustuframlag Akureyrarbæjar á samningstímanum er eftirfarandi:

- Þjónusta frá Umhverfismiðstöð með fánaborgir og til að stuðla að öryggi þátttakenda með búnað til að stýra umferð.
- Keppendur í 1. maí hlaupinu og Akureyrarhlaupinu fá frían aðgang að Sundlaug Akureyrar.
- Aðgang að tímum í Boganum fyrir grunnskólamótið skv. tímaúthlutun ÍBA og í samstarfi við framkvæmdastjóra Þórs.

IV. Önnur ákvæði

7.gr.

UFA skilar greinargerð til forstöðumanns íþróttamála í ágúst hvert samningsár þar sem gerð er grein fyrir nýtingu styrksins og öðrum tölulegum upplýsingum varðandi viðburðina. Upplýsingar um þátttöku í viðburðum skulu vera kyngreindar.

8.gr.

Verði ágreiningur um þennan samning eða einstök ákvæði hans skulu aðilar reyna sættir. Reynist nauðsynlegt að reka dómsmál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.


9.gr.

Samningur þessi gildir frá 12. júní 2020 og til 31. ágúst 2022. Ef til þess kemur þá er samningurinn uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara.

Akureyri, 30. júní 2020

F.h. Ungmennafélags Akureyrar

Rósa D. Benjamínsdóttir formaður



f.h. Akureyrarbæjar


Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Nafn og kennitala

Rannveig Oddsdóttir 1512735219

Elita Elingsson 120975-5529

Fylgiskjal 1

Fyrsta maí hlaup UFA (kr. 200.000.-)

UFA hefur haldið 1. maí hlaupið allt frá fyrstu starfsárum sínum. Hlaupið er keppni á milli grunnskóla og framhaldsskóla þar sem keppt er um hlutfallslega þátttöku og sá skóli sem sigrar hlýtur veglegan bikar. Í skólakeppninni geta krakkarnir valið um að hlaupa 2 eða 5 km og 5 km hlaupið er einnig opið öðrum keppendum.

Einnig er boðið upp á leikskólahlaup, þar sem leikskólakrakkar hlaupa einn hring á vellinum. Hlaupið er eingöngu til gamans, ekki er um keppni milli leikskóla að ræða.

Með samningi þessum geta leik- og grunnskólanemendur á Akureyri skráð sig endurgjaldslaust í 1. maí hlaup UFA ef skráning er gerð í forskráningu.

Akureyrarhlaupið (kr. 250.000)

UFA hélt fyrsta Akureyrarhlaupið í júlí 1992. Hlaupið bar þá heitið Akureyrarmarabon en árið 2003 var heiti þess breytt í Akureyrarhlaup þar sem það þótti villandi að tala um marabon þegar lengsta vegalengdin var hálf marabon. Fyrstu árin var hlaupið haldið um miðjan júlí en undanfarin ár hefur það verið haldið á fimmtudagskvöldi í byrjun júlí, eina mestu ferðahelgi ársins á Akureyri þegar þúsundir manna flykkjast í bæinn til að taka þátt í fótboltamótum.

Kept er í þremur vegalengdum, 5, 10 og 21,1 km. Brautin er flöt og því vænleg til góðra afreka og hafa margir hlauparar náð sínum bestu tímum í 10 km hlaupi og hálfmaraboni í brautinni á undanförunum árum.

Grunnskólamót UFA (kr. 50.000)

Er haldið í Boganum í maí fyrir nemendur í 4.–7. bekk. Mótið fer fram á skólatíma og mæta krakkarnir til keppni með sínum kennurum. Keppt er í stigakeppni í hverjum árgangi og samanlagt.

